

Stúdentaráðsfundur			
Dags. fundar	Tími	Staður	Nr. fundar
10.03.22	17:00	Lögberg 102	10
Fundarboðandi	Fundarritari		Dags. rituð
Isabel Alejandra Diaz	Vaka Lind Birkisdóttir		10.03.22
Fundaraðilar mættir			
<u>Félagsvísindasvið:</u>			
Gísli Laufeyjarsen Höskuldsson fyrir Rebekka Karlsdóttir (Röskva)			
Ellen Geirsdóttir Haakansson (Vaka) Teams			
Kjartan Ragnarsson (Röskva) Teams			
Erna Lea Bergsteinsdóttir (Röskva)			
<u>Heilbrigðisvísindasvið:</u>			
Rannveig Erlendsdóttir fyrir Ingunn Rós Kristjánsdóttir (Röskva)			
Margrét Jóhannesdóttir (Röskva)			
Kristján Guðmundsson (Röskva)			
<u>Hugvísindasvið:</u>			
Jóna Gréta Hilmarsdóttir (Röskva)			
Draumei fyrir Anna María Björnsdóttir (Röskva) Teams			
Brynjólfur Skúlason (Röskva)			
<u>Menntavísindasvið:</u>			
Rósa Halldórsdóttir (Röskva)			
Rannveig Klara Guðmundsdóttir (Röskva)			
Erlingur Sigvaldason (Röskva) Teams			
<u>Verkfræði- og náttúruvísindasvið:</u>			
Guðrún Ísabella Kjartansdóttir fyrir Helena Gylfadóttir (Röskva)			
Inga Huld Ármann (Röskva)			
Ingvar Þóroddsson (Röskva)			
<u>Aðrir (án atkvæðisréttar):</u>			
Isabel Alejandra Diaz, forseti SHÍ			
Vaka Lind Birkisdóttir, framkvæmdastýra SHÍ			
Jessý Rún Jónsdóttir, hagsmunafulltrúi SHÍ			
Fundarmenn fjarverandi og án varamanns:			
<u>Félagsvísindasvið:</u>			
Stefán Kári Ottósson (Röskva)			
<u>Heilbrigðisvísindasvið:</u>			
<u>Hugvísindasvið:</u>			
<u>Menntavísindasvið:</u>			

Verkfræði- og náttúruvísindasvið:

Fundardagskrá

Fundur Stúdentaráðs 10. mars 2022 í L-102 kl. 17:00

Agenda Student Council Meeting on March 10th 2022 in L-102 at 17:00

1. Fundur settur 17:00

Meeting begins

2. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar (atkvæðagreiðsla) 17:00-17:05

Vote/approval on minutes from last meeting

3. Tilkynningar og mál á döfinni 17:05-17:20

Announcements and issues ahead

4. Félagsstofnun stúdenta (kynning og umræður) 17:25-17:45

Icelandic student services

5. Fjárhagsáætlun Stúdentaráðs 2021-2022 (kynning og umræður) 17:45-18:00

The Student Council's financial plan for 2021-2022

6. Hlé 18:00-18:10

Intermission

7. Stefna Stúdentaráðs (kynning og umræður) 18:10-18:40

The Student Council's policy

8. Önnur mál 18:40-18:50

Other issues

9. Fundi slitið 18:50

Meeting ends

1. Fundur settur 17:17

Meeting begins

2. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar (atkvæðagreiðsla) 17:17-17:18

Vote/approval on minutes from last meeting

- a. Fundargerð frá síðasta fundi er borin upp til samþykktar. Séu Stúdentaráðsliðar með athugasemdir skal senda á shi@hi.is fyrir fund svo framkvæmdastýra geti tekið það til greina. Einnig má koma með athugasemdir á fundinum.

b. Fundargerð er einróma samþykkt (15 atkvæði)

3. Tilkynningar og mál á döfnni 17:18-17:29

Announcements and issues ahead

a. Landsþing LÍS

- i. Aðildargjöldin voru tekin fyrir og fór það þannig að samþykkt var að hækka ekki gjöldin fyrir næsta starfsár. Félögin voru sammála um að þau gætu ekki staðið undir kostnaðinum og var samþykkt að gjaldið fyrir næsta starfsár yrði 67% af heildarupphæð þessa árs, þ.e.a.s. 67% af 388 þúsund sem gera 259.111kr. Þá ber framkvæmdastjórn LÍS ber að endurskoða fyrirkomulag gjaldsins og leggja til nýtt fyrirkomulag ásamt því að óska eftir tillögum að útfærslu frá aðildarfélögunum. Á landsþingi 2023 er þannig gert ráð fyrir að endanlegar breytingar á lögunum um aðildargjöldin verði samþykkt. Því til viðbótar skal LÍS endursemja við háskólamálaráðherra þannig að framtíð samtakanna sé tryggð með varanlegu og viðunandi fjárframlagi, ólíkt því sem er raunin í dag.
 - ii. Þingsályktunartillaga Stúdentaráðs um stöðu stúdenta á húsnæðismarkaði var samþykkt. Hún var unninn upp úr húsnæðisskýrslunni.
 - iii. Enn er opið í framkvæmdastjórn LÍS, öll þau sem hafa áhuga geta sóst eftir embættunum, en nánari upplýsingar má finna á heimasíðu samtakanna studentar.is.
- b. **Lagabreytingar á lögum Stúdentaráðs:** Vegna COVID veikinda á skrifstofunni náðist ekki að senda inn lagabreytingartillögur fyrir þennan fund, 10. mars. Forseti stingur upp á því að það geti verið stuttur fundur í apríl eða að næsta skrifstofa klári verkið. Stúdentaráðsliðar eru hlyntir því að halda annan fund og þar sem mikil jákvæðni er fyrir því á fundinum þá er sammælt um að það verði gert.
- c. **LUF:** LUF leitar eftir framboðum í framkvæmdastjórn sambandsins. Hagsmunafulltrúi mun setja inn á sameiginlega heimasvæðið á Facebook frekari upplýsingar.
- d. **Aurora stefnumótunarferð:** Fer fram næstu helgi, 11. - 13. mars. Þá koma stúdentafulltrúar frá samstarfsháskólunum í Aurora til Íslands. Markmið vinnunnar er að byggja betur upp starfið til að auðvelda fulltrúum nemenda innan Aurora að kynna sér samtökin og hlutverk sitt innan þeirra. Vinnan verður kynnt fyrir starfsfólki Aurora á Aurora Biannual í Innsbruck í maí.
- e. **Málþing um framtíð háskólasvæðisins:** Fer fram á morgun, 11. mars. Fyrirlesarar koma frá m.a. Strætó, talsfólk Borgarlínunar, framkvæmda- og tæknisviðs HÍ og Reykjavíkurborgar. Fyrst verður boðið upp á stuttar kynningar frá hverjum og einum og í framhaldinu mun gefast tími fyrir spurningar úr sal.

- f. **Frumvarp um Menntasjóð námsmanna:** Stúdentaráð er að skila inn umsögn vegna frumvarps um MSNM lagt fram að Flokki fólksins. Það snýr að því að afnema frítekjumarkið þannig að stúdentar geti unnið eins mikið og þeir vilja samhliða námi. Afstaða Stúdentaráðs liggur fyrir og því ekkert nýtt efnislegt sem umsögnin mun fela í sér.

4. Félagstofnun stúdenta (kynning og umræður) 17:29-17:53

Icelandic student services

- a. Framkvæmdastjóri FS kemur inn á fund að segja frá nýjustu vendingum og verkefnum FS fyrir næstu misseri. Verkefnin eru heilmörg en Guðrún ætlar að kynna þrjú sem snúa að deiliskipulag háskólasvæðisins til að auka lífsgæði nemenda.
- Nýtt hús:** FS ætlar að setja nýtt fallett hús Eggertsgötu 24 en þar verður samkomusalur fyrir nemendur, eins og er á öðrum stúdentagörðum. Umsjón fasteigna mun einnig vera til húsa þar.
 - Tveir ungbarnaleikskólar hjá FS:** Aðgengismál eru erfið hjá Sólgarði. Reglugerð spilar inn í varðandi rými fyrir börn og starfsfólk, það þarf stærra rými. FS hefur verið að leita lausna til að halda leikskólanum og plássum. Verkefnið snýst því um að stækka leikskólann Leikgarð sem stækkar í 7 deilda leikskóla. Það er ekki búið að hanna breytinguna en þetta er komið í ferli.
 - Lágvöruverslun:** Í dag er FS með ígildi fjögurra íbúða á Eggertsgötu. 500 fermetra rými fyrir lágvöruverslun. Það er ekki búið að finna lóð. Verslun í grósku - varð ekki að raunveruleika. Krónan, Bónus, Nettó eru möguleikarnir í lágvöruverslun. Uppbygging leikskólans gengur fyrir, þá er hægt að snúa að lágvöruversluninni. FS vill sjá verslunina rísa upp 2023, en margt sem gengur fyrir að þetta komi sem fyrst. Það þarf til dæmis að gera samning við samkaup.
- b. Spurningar úr sal berast til Guðrúnar um tímaramma verkefnana o.s.frv.
- c. Forseti spyr hvort Guðrún geti upplýst ráðið einnig um vatnstjónið
- Guðrún fer yfir stöðuna: Það er verið að fara í yfirmat, þar sem verður farið aftur yfir málið/tjónið. Það verður farið í viðgerðir og kennslustofurnar ættu að vera tilbúnar fyrir haustið. Það verður ekki beðið eftir yfirmatinu áður en hafist er handa þar sem alltof langur tími hefur liðinn og hefðbundinn starfsemi og kennsla HÍ verður að fara af stað.

5. Fjárhagsáætlun Stúdentaráðs 2021-2022 (kynning og umræður) 17:53-18:07

The Student Council's financial plan for 2021-2022

- a. Framkvæmdastýra kynnir fjárhagsáætlun Stúdentaráðs 2021-2022. Sjá upptöku fyrir frekari upplýsingar

6. *Hlé 18:07-18:17*

Intermission

Rannveig Klara Guðmundsdóttir yfirgefur fund 18:10

Forseti hvetur Stúdentaráð til að mæta á upplýsingafund um frumvarpið um útlendingalögin sem verður haldinn í Öskju 16. mars nk..

7. Stefna Stúdentaráðs (kynning og umræður) 18:10-18:40

The Student Council's policy

- a. Forseti fer yfir stefnuþrógin og minnir á að þau eru opin fyrir athugasemdir til 10. apríl. Eftir þann tíma mun skrifstofan vinna úr athugasemdunum áður en hún skilar seinni drögum til ráðsins 2. maí. Áætlað er að stefnan verði lögð undir fráfaramandi Stúdentaráð til samþykktar á skiptafundi.

8. Önnur mál 18:40-18:55

Other issues

- a. Inga Huld og Rósa leggja fram tillögu vegna bættis aðgangs starfstengds diplómanáms við HÍ. Þar sem tillagan barst eftir að fundarboð var sent út er kosið um að taka hana til afgreiðslu.
 - i. **Atkvæðagreiðsla:** 14 atkvæði, samþykkt einróma.

Stúdentaráðsfundur

10. mars 2022

TILLAGA

að bættu aðgengi að starfstengdu diplómanámi fyrir fólk með þroskahömlun við Háskóla Íslands

Lagt er til að Stúdentaráð beiti sér **áfram** fyrir ~~að vinna sé sett af stað um þróun~~ málefnum varðandi starfstengds diplómunnáms fyrir fólk með þroskahömlun ~~tt~~. **Þá skuli ráðið beita sér fyrir því að vinna sé sett af stað til** að bæta námið innan Menntavísindasviðs t.d með að þrýsta á að settur verði á fót starfshópur. Einnig óskum við eftir að Stúdentaráð þrýsti á stjórnvöld að auka fjármagn fyrir námið svo hægt sé að stækka það og dreifa því yfir á önnur svið. Verði tillagan samþykkt verður forseta Kennslumálanefndar og sviðsráðsforseta Menntavísindasviðs falið

að skrifa erindi sem borið verður upp í Kennslumálanefnd Háskólaráðs og jafnframt sent á háskólamálaráðherra.

Rökstuðningur

Eins og staðan er í dag er starfstengt diplómanám fyrir fólk með þroskahömlun aðeins í boði á Menntavísindasviði, þeim er þar boðið upp á að velja námskeið sem einblína á þroskaþjálfrafræði, leikskólakennarafræði eða tómstunda- og félagsmálafræði. Þessar námsleiðir tilheyra mjög svipuðum starfsvettvöngum þar sem oftast er einblínt á börn eða fólk með fatlanir. Með því að bjóða aðeins upp á nám fyrir nemendur með þroskahömlun innan Menntavísindasvið er háskólinn óbeint að útiloka þennan jaðarsetta nemendahóp að kjósa sér nám eftir áhugasviði. Þar með eru aðilar með þroskahömlun einnig útilokaðir frá þeim starfsvettvangi sem þeir myndu helst kjósa. Í 24. grein Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, sem Ísland fylgir, stendur:

„Aðildarríkin skulu tryggja að fötluðu fólki sé gert kleift að hefja almennt nám á háskólastigi og að það fái aðgang að starfsþjálfun, fullorðins fræðslu og símenntun án mismununar og til jafns við aðra. Aðildarríkin skulu, í þessu skyni, tryggja að fatlað fólk fái notið viðeigandi aðlögunar.“

Aðilar sem sækja um starfstengt diplómanám þurfa á sérstakri aðstoð að halda og umhverfi til að ljúka náminu og því mikilvægt að fjölbreytt úrval sé í boði þvert á fræðasvið háskólans. Vissulega geta aðilar með þroskahömlun sótt um í nám af hvaða sviði sem er, en þá stendur þeim til boða lítil sem engin aðstoð eða þjónusta við námið.

Á Menntavísindasviði er starfstengt diplómanám fyrir fólk með þroskahömlun aðeins í boði á tveggja ára fresti og aðeins fyrir rúmlega 15 nemendur í senn. Í hverju umsóknarferli sækja vanalega fleiri en 15 aðilar að. Þetta veldur því að hópur fólks með þroskahömlun gefst ekki tækifæri á að taka þessa námsleið nema það hafi sótt um oftast en einu sinni. Ef nemandi þarf að sækja um námið oftast en einu sinni þá líður langur tími frá ákvörðun um að sækja um námið þar til loks fæst að hefja námið. Út frá þessu ferli er hægt að segja að það sé ekki mjög hvetjandi fyrir nemendur með þroskahömlun að endurtaka umsóknarferlið og er því hætt á að fólk með þroskahömlun gefist upp á að sækja sér nám við Háskóla Íslands.

Mikilvægt sé að vinnan sé unnin í samráði við aðila sem leitast eftir að stunda starfstengt diplómanám, þau sem eru nú þegar skráð í námið eða hafa brautskrást frá náminu.

Inga Huld Ármann, forseti Kennslumálanefndar SHÍ

Rósa Halldórsdóttir, Sviðsráðsforseti MVS

- ii. Isabel er með breytingartillögu sem lituð er í rauðu.
 - iii. **Atkvæðagreiðsla um breytingartillögu:** 14 atkvæði, einróma samþykkt
 - iv. **Atkvæðagreiðsla um tillögu í heild sinni:** 14 atkvæði, einróma samþykkt
- b.** Erna Lea og Ingvar óska eftir því að leggja fram ályktunartillögu varðandi heilbrigðismóttöku. Þar sem tillagan barst eftir að fundarboð var sent út þarf aftur að kjósa um að taka hana til afgreiðslu.
- i. **Atkvæðagreiðsla:** 14 atkvæði, samþykkt einróma.

Stúdentaráðsfundur

10. mars 2022

TILLAGA

að ályktun Stúdentaráðs varðandi heilbrigðismóttöku á háskólasvæðinu

Undirrituð leggja til að Stúdentaráð Háskóla Íslands nýti það sóknarfæri sem felast í uppbyggingu í nálægð við Háskóla Íslands og í komandi borgarstjórnarkosningum og sendi neðangreinda ályktun á alla þá flokka sem bjóða fram í borgarstjórnarkosningunum í Reykjavík sem og heilbrigðisráðuneytið og Háskóla Íslands. Er þetta gert til að fylgja eftir stefnu Stúdentaráðs um að fá heilsugæslu inn á háskólasvæðið en tillaga þess efnis var samþykkt á Stúdentaráðsfundi 21. janúar 2020.

Sé tillaga þessi samþykkt er undirrituðum og skrifstofu Stúdentaráðs falið að yfirfara ályktunina og senda hana á ofangreinda aðila.

ÁLYKTUN

Undanfarin ár hefur Stúdentaráð beitt sér í þágu stúdenta hvað varðar heilbrigðismál. Má þá helst nefna geðheilbrigði en frá árinu 2018 hefur Stúdentaráð vakið athygli á bágrri stöðu stúdenta í þeim efnum. Háskóli Íslands hefur brugðist

við þessu en sálfræðingum við skólann hefur fjölgað töluvert síðan þá. Þrátt fyrir þennan árangur í geðheilbrigðismálum má þó enn gera betur til þess að bæta stöðu stúdenta almennt í heilbrigðismálum. Árið 2011 var gerð [rannsókn](#) þar sem kom í ljós að þörf stúdenta við Háskóla Íslands á sérstakri heilbrigðismóttöku eða heilsugæslu var mikil. Ásamt því kom í ljós að stór hópur stúdenta er án heimilislæknis og hafði kostnaður hindrað þá í að sækja sér heilbrigðisþjónustu. Nú í kjölfar Covid-19 mun þörf stúdenta fyrir bættri heilbrigðisþjónustu að öllum líkindum aukast vegna þeirra áhrifa sem hann hefur haft á heilsu þeirra, þá ekki síst andlegrar heilsu. Í október 2020 gerði Stúdentaráð Háskóla Íslands [könnun](#) á líðan og stöðu nemenda við skólann vegna Covid-19 en þar lýsir meirihluti nemenda því að þeim hafi liðið illa að sökum faraldursins og hafi einnig upplifað aukið álag. Í janúar 2020 samþykkti Stúdentaráð tillögu þess efnis að birta og senda ályktun á viðeigandi aðila varðandi þörf á sérstakri heilbrigðismóttöku eða heilsugæslu fyrir háskólanemendur. Lítið hefur borið á umræðu hjá borgaryfirvöldum og yfirvöldum heilbrigðismála um málið síðan þá.

Nauðsynlegt er að efla háskólasamfélagið en nú á sér uppbygging stað á svæðinu þar sem liggja ákveðin sóknarfæri. Íbúum á háskólasvæðinu hefur fjölgað á tiltölulega stuttum tíma en 244 stúdentaíbúðir voru teknar í notkun á Mýrargörðum árið 2020, 69 íbúðir í viðbyggingu við Gamla Garð árið 2021 og mun þeim áfram fjölga hratt nú þegar Félagsstofnun stúdenta hefur fest kaup á hluta Bændahallarinnar. Með þessari þróun skapast betri rekstrargrundvöllur fyrir margskonar þjónustu inni á háskólasvæðinu. Það er jákvætt en Stúdentaráð hefur ítrekað talað fyrir því að sjálfbærni svæðisins skuli höfð að leiðarljósi þannig að fólk þurfi ekki að reiða sig á einkabílinn til þess að sækja nauðsynlega þjónustu. Nú þegar hefur líkamsrækt opnað í Grósku sem er mikið fagnarðarefni og er von fyrir matvöruverslun á næstu misserum. Auk uppbyggingu í Vatnsmýrinni má þó nefna tilvonandi [breytingar](#) í Skerjafirði þar sem gangandi og hjólandi verða í forgang í allri hönnun í hverfinu. Nú eru næstu heilsugæslur fyrir Skerjafjörð, Vesturbæinn og háskólasvæðið í Miðbæ, Hlíðum og á Seltjarnarnesi. Þá er ljóst að háskólanemar er ekki eini hópurinn sem fer stækkandi og myndi njóta góðs af nýrri heilsugæslu á svæðinu þar sem hverfið í kring er að vaxa. Með tilkomu Grósku og áframhaldandi uppbyggingu á lóðum Vísindagarða í Vatnsmýrinni sjá undirrituð tækifæri til að ráð fyrir heilbrigðismóttöku við skipulagningu og úthlutun húsnæðis

á svæðinu en Vísindagarðar eru 94,6% í eigu Háskóla Íslands 5,4% í eigu Reykjavíkurborgar.

Ljóst er að þörf stúdenta á bættu aðgengi að heilbrigðisþjónustu sé svo sannarlega til staðar og orðið tímabært á Háskóli Íslands ásamt stjórnvöldum bregðist við þessari þörf.

Erna Lea Bergsteinsdóttir, stúdentaráðsliði Félagsvísindasviðs

Ingvar Þóroddsson, oddviti Röskvu

- ii. Isabel kemur með breytingartillögu sem lituð er í rauðu. Hún snýr að því að ályktunin sé tekin til meðferðar af tillöguberum og skrifstofu Stúdentaráðs, í ljósi þess að lítill tími gafst til að fara yfir hana.
- iii. **Atkvæðagreiðsla um breytingartillögu:** 13 atkvæði, 1 situr hjá, samhljóða samþykkt.

Erlingur Sigvaldason yfirgefur Teams

- iv. **Atkvæðagreiðsla um tillögu í heild sinni:** 13 atkvæði, einróma samþykkt

9. Fundi slitið 18:55

Meeting ends